

Nr. 103 / 10 Dettifoss

Skipverji slasast á hendi

IMO nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. maí 2010 var Dettifoss á siglingu frá Rotterdam til Helsingborgar. Veður: V 3-5 m/s

Skipverji var að vinna við spíss í vélarúmi þegar hann rak skrúfjárn djúpt í vísifingur vinstri handar. Hann varð ekki óvinnufær.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.